



GERA VÍÐREIST Hafðis Guðnadóttir og Eyþór Björgvinsson eru stödd í sannkallaðri ævintýraferð um Kyrrahafið. Þau prófuðu m.a. fallhlífarstökk yfir Nýja Sjálandi og eins og sjá má, skemmti Hafðis sér ágætlega. Sjá nánar á bls. 10.

## Menn almennt ánægðir með loðnuvertíðina sem er að ljúka: **Aflinn í Eyjum 35 þúsund tonn**

- Áhersla var lögð á hrognavinnslu - Framleiðslan hér rúm 2200 tonn

Loðnuvertíðinni er að ljúka og eru um 35 þúsund tonn komin á land í Eyjum sem var hlutur Eyjamanna í kvótanum sem var í heild 150 þúsund tonn. Áhersla var lögð á hrognavinnslu og náðust rúm 300 tonn af hrognum.

Megináhersla var lögð á að ná sem mestum verðmætum úr takmörkuðum heimildum og áhersla lögð á hrognavinnslu. Verð á mjöli og lýsi er hátt þannig að sá hluti vinnslunnar skilar líka sínu og menn almennt ánægðir með vertíðina.

„Við eigum eftir 1000 tonn og klárum það í dag eða á morgun,“ sagði Eyþór Hardarson, útgerðarstjóri Ísfélagsins. Við erum með 22.600 tonn og það hefur mestallt

farið í hrognatöku. Rúmlega 2000 tonn voru fryst á Guðmundi fyrir Rússlandsmarkað. Allur annar afli fór í hrognavinnslu sem þýðir yfir 2000 tonn af afurðum.“

Ísfélagið var með fjögur skip við veiðarnar, Guðmund, Þorstein, Álsej og Júpter. „Við erum mjög ánægðir með hvernig spilaðist úr þessu. Það var gott að ná þessu á þeim tíma þegar mestu verðmætin nást úr aflanum. Annaðhvort heppnast þetta eða ekki. Nú taka bolffiskeiðar við hjá Þorsteini og Suðurey og hinir bíða eftir norsk- íslensku síldinni og makríl, eitthvað fram yfir sjómennadag,“ sagði útgerðarstjóri Ísfélagsins.

Páll Scheving, verksmiðjustjóri

FES, sagði að búið væri að taka á móti 26 þúsund tonnum til bræðslu á þessu ári og þar af 16.500 tonnum af loðnu. Við fengum einn farm af færeysku skipi og vonumst eftir öðru og erum að landa upp úr Guðmundi núna,“ sagði Páll þegar talað var við hann á miðvikudag.

„Við framleiðum hágæðamjöl og verð á mjöli og lýsi er hátt og meiri líkur en meiri á því að verð á mjöli haldist hátt. Við erum sáttir því vertíðin gekk mjög vel,“ sagði Páll.

Vinnslustöðin var með Sighvat, Kap og Ísleif við veiðarnar. Fengu skipin 11.250 tonn af loðnu og fór hún öll í hrognavinnslu. „Við frystum ekki loðnu á þessari vertíð og náðum að vinna allt í hrogn, rúm-

lega 1200 tonn og nýtingin þar með háværkuð. Fyrsta löndun hjá okkar var 22. febrúar og sú síðasta 8. mars. Þrjú skip voru við veiðar og Kap II var einu sinni notuð sem lutningaskip með afla,“ sagði Guðni Ingvar Guðnason, útgerðarstjóri Vinnslustöðvarinnar.

Vinnsluskipið Huginn VE var með 2000 tonna kvóta og var hluti aflans unninn í hrogn. „Það gekk bara vel og við erum ánægðir sagði Páll Þór Guðmundsson, útgerðarstjóri.

## Herjólfssdalur: **Varanlegt svið**

Skipulags- og byggingarfulltrúi lagði fram breytingu á deiliskipulagi í Herjólfssdal á síðasta fundi umhverfis- og skipulagsráðs. Breytingin er að stóra sviðið verði stækkað og þar verði salernisadstaða. Samþykkt var að auglýsa tillöguna.

Gunnlaugur Grettisson, formaður ráðsins, sagði hugmynd þjóðhátíðarnefndar vera að koma upp vísi að varanlegu sviði. „Í gildandi aðalskipulagi er leyfi fyrir byggingu en byggingarreiturinn er stækkaður samkvæmt núgildandi skipulagi. Við lögðum áherslu á að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða og að byggingin falli vel að umhverfi Herjólfssdals,“ sagði Gunnlaugur.

Tryggvi Sæmundsson sagði þjóðhátíðarnefnd ætla í samstarfi við bæinn að steypa upp kjallara sem verður undir stóra sviðinu í Herjólfssdal. „Húsið er þrjár metrar á hæð og um 280 fermetrar. Við notum gamla sviðið og hífum upp á kjallarann næstu þrjú til fjögur ár en planið er að þarna verði varanlegt svið til framtíðar en við þurfum að fá arkitekt eða hönnuð til að koma að þeirri vinnu.

Tryggvi sagði reiknað með að í kjallarannum verði geymslu og aðstaða fyrir starfsfólk og þó svo að ekki sé gert ráð fyrir almenningsalerni þar, samkvæmt deiliskipulagi, þá finnst honum það koma vel til álit. „Við reiknum með að kjallarinn verði kominn upp fyrir þjóðhátíð og gamla sviðið sett þar ofan á þannig að þetta verði komið í gagnið í sumar.“

Þegar Tryggvi er spurður nánar út í sviðið og hvernig það komi til með að líta út í framtíðinni sagði hann enga endanlega ákvörðun liggja fyrir. „Það er ekki endilega að það standi uppi allt árið. Niðurstaða liggur ekki fyrir, umræða þarf að fara fram og allar hugmyndir verða kynntar fyrir bæjarbúum.

### 73 milljónir í jarðvegsvinnu

Heildarkostnaður við jarðvegsvinnu við byggingu fjölnota íþróttahúss, tilboð og aukaverk vegna magnaukningar, varð samtals um 73 milljónir króna.

Þetta kom fram á síðasta fundi framkvæmda- og hafnaráðs.



| Griðarhöfn | Sími 481 3500 |

**EIMSKIP**

*yfir hafið og heim*

VIÐ LÁTUM BÍLINN GANGA...  
...SVO ÞÚ ÞURFIR ÞESS EKKI

**net-hamar**  
VÉLA- OG BÍLAVERKSTÆÐI